

Mánudaginn 10. september 1984.

Nr. 162/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Ragnari Erni Eiríkssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 2. september 1984, en kærugögn bárust Hæstarétti 4. s.m.

Greinargerð hefur eigi borist Hæstarétti frá varnaraðilja, en ætla verður, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. september 1984.

Ár 1984, laugardaginn 1. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómarum, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að kærða, Ragnari Erni Eiríkssyni, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október nk., kl. 17.00.

Kærði var handtekinn aðfaranótt 31. ágúst sl. í bifreið, sem hann hafði tekið í heimildarleysi við Ljósheima, og var kærði ölvaður og réttindalaus.

Þá er kærði grunaður um að hafa stolið hljómtækjum úr bifreið við sömu götu þessa nótt. Með kærða var Sigrún Þorbjörnsdóttir, og hafa þau bæði viðurkennt að hafa brotist inn í skrifstofur RARIK við Súðavog sömu nótt og að hafa stolið þaðan ýmsu fémætu.

Þá eru nú til meðferðar hjá RLR önnur mál varðandi ýmis brot, sem kærði hefur viðurkennt að hafa framið, m.a. 4 innbrot í ýmis fyrirtæki og fölsun úr stolnu tékkhefti.

Kærði var á Litla Hrauni frá því í desember 1983 þar til 23. apríl sl., en þann 16. janúar 1984 strauk kærði þaðan ásamt öðrum, en náðist fljótt aftur. Það mál er nú til meðferðar hjá sýslumanni Árnassýslu.

Kærði hefur hvorki fastan samastað né atvinnu, og kveðst hann nú biða eftir plássi á meðferðarstofnun vegna áfengissýki sinnar.

Kærði er síbrotamaður, sem stöðugt hefur verið í afbrotum allt frá 1977. Hann hefur 13 sinnum verið dæmdur, aðallega vegna ýmissa auðgunarbrota og nytjastuldar.

Þann 29. janúar 1983 var kærða veitt reynslulausn í 2 ár, en rauf skilorð reynslulausnarinnar sama ár.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, svo og 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða að fullu til greina, þar sem ella er hætt á, að hann haldi áfram afbrotaiðju sinni. Skal kærði því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október nk., kl. 17.00.

Kærði er m.a. sakaður um brot gegn 110. gr., 155. gr. svo og ýmis brot gegn XXVI. kafla l. nr. 19, 1940, sem geta varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. október 1984, kl. 17.00.

Mánudaginn 10. september 1984.

Nr. 163/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Benedikt Jónssyni Sverrissyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.